



Hljóðbókasafn Íslands

Bókasafn fyrir blinda, sjónskerta
og prentleturshamlaða

Starfsskýrsla 2020



Efnisyfirlit

Frá forstöðumanni _____	1
Hljóðbókasafn Íslands, hlutverk og markmið _____	2
Stefnumótun og áherslur _____	3
Breytingar á höfundalögum _____	4
Húsnæðismál _____	4
Innra starf _____	5
Helstu verkefni útlánadeildar _____	5
Helstu verkefni framleiðsludeildar _____	5
500 bækur lesnar fyrir safnið _____	6
Betra aðgengi þýðir bækur með texta _____	6
Framleiðsluferli hljóðbóka með texta _____	7
Nýr vefspilari _____	7
Persónuverndarstefna _____	7
Jafnréttisstefna _____	8
Samstarf _____	8
Norrænt samstarf _____	10
UX-hópurinn _____	10
Nordic IT Forum og aðrir tæknihópar á Norðurlöndum _____	10
Útgáfa án aðgreiningar _____	10
Millisafnalán á Norðurlöndum _____	11
Safnkostur _____	11
Kynningarstarf _____	12
Ákall frá Félagi íslenskra bókaútgefenda _____	12
Lykiltölur _____	13
Bækur gerðar aðgengilegar 2020 _____	13
Útlán _____	13
Lánþegar _____	15
Grunnupplýsingar _____	16
Lesarar 2020 _____	17
Bækur gerðar aðgengilegar á árinu _____	18

Frá forstöðumanni

Árið 2020 krafðist nýrra lausna og hugmynda þar sem heimsfaraldurinn Covid-19 hafði mikil áhrif á allt samfélagið. Með samstilltu átaki tókst að halda úti þjónustu við lánþega. Skiptust starfsmenn á að vinna heima og á starfsstöð og var ráðstöfunin liður í því að gæta varúðar og tryggja að ekki þyrfti að koma til þjónustuskerðingar. Til þess að halda sem bestum tengslum á milli starfsfólks voru haldnir fleiri starfsmannafundir, ýmist daglega eða á vaktaskiptum.

Lokað var fyrir heimsóknir á safnið yfir tvö tímabil, eins og sóttvarnir kváðu á um, en símaþjónusta og rafræn þjónusta var virk. Því þurfti ekki að koma til verulegrar þjónustuskerðingar enda starfsemi Hljóðbókasafns Íslands að stærstum hluta rafræn. Ekki eru þó allir sem nýta sér rafræna tækni og því var þjónusta í gegnum síma og net eflað til muna.

Hljóðbókasafnið minnti á hlutverk sitt í samstarfi við félag eldri borgara um landið enda er starfsemin að hluta til félagsleg í eðli sínu og margir eldri borgarar einangruðust mjög á tímum Covid-19. Starfsemi safnsins byggir á persónulegri nálgun sem stuðlar markvisst að því að rjúfa einangrun og efla þannig lífsgæði þeirra sem ekki geta lesið prentað mál.

Í heimsfaraldri þar sem menningarstarfsemi lá að mestu niðri varð starfsfólk Hljóðbókasafnsins vart við mikinn áhuga á að opna safnið fyrir almenningi, en það er óheimilt enda um sérsafn að ræða sem sinnir aðgengismálum einvörðungu. Reynt var að svara erindum af tillitssemi og starfsemin útskýrð en töluverður þrýstingur myndaðist um tíma.

Framleiðsla á bókum gekk vel þrátt fyrir að lestrarstúdíóin væru einsetin svo tryggja mætti öryggi lesara og starfsfólks. Fleiri bækur voru keyptar af útgefendum en fyrri ár, en mikil aukning hefur orðið í hljóðbókaútgáfu bókaforlaganna og hljóðbækur eru orðnar vinsæl sölu- og markaðsvara. Það var því í takt við þróun á markaði sem safnið óskaði eftir að kaupa í meira mæli en áður hljóðrit af markaði.

Árið í heild mótaðist af heimsfaraldri og þeim breytingum sem nauðsynlegt var að gera til að halda úti starfsemi safnsins og þjónustu. Þar eiga starfsmenn safnsins hrós skilið og lögðust allir á eitt með að skipta með sér verkum og gera allt til þess að þjónusta lánþega sem best.

Þann 16. mars tók nýr forstöðumaður til starfa, Marín Guðrún Hrafnisdóttir, og tók hún við af Einari Hrafnssyni, deildarstjóra framleiðsludeildar, sem var settur forstöðumaður.

Hljóðbókasafn Íslands, hlutverk og markmið

Markmið og stefna Hljóðbókasafns Íslands er fyrst og síðast að opna aðgang að hvers konar prentuðum texta fyrir þá sem ekki geta lesið prentað mál. Verkefni safnsins er að efla og bæta þjónustu við prentleturshamlaða einstaklinga á Íslandi. Sérstök áhersla er lögð á að gera nemendum sem glíma við lestrarhömlun kleift að nálgast námsefni til jafns við aðra. Lögð er áhersla á persónulega og góða þjónustu við lánþega.

Hljóðbókasafn Íslands fellur undir málaflokk M18.10 (safnamál) og hefur það lögbundna hlutverk að veita þeim bókasafnsþjónustu sem ekki geta, af einhverjum ástæðum, lesið prentað mál. Þetta er gert með því að framleiða efni á aðgengilegu formi og miðla til þeirra sem á þurfa að halda. Stærsti hópur lánþega er nemendur sem glíma við lesblindu. Næststærsti hópurinn er blindir og sjónskertir.

Safnið starfar samkvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012 og höfundalögum nr. 73/1972 en í 19. grein þeirra laga segir:

„Heimilt er stofnunum á vegum ríkis og sveitarfélaga og öðrum stofnunum sem starfa í almannatjónu og ekki í fjárhagslegum tilgangi að gera með mynd- eða hljóðupptöku eintök af verkum, sem hljóðvarpað er eða sjónvarpað eða eru gerð aðgengileg í dreifikerfi fjölmiðlaveitu þannig að hver og einn geti fengið aðgang að þeim á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kys, til nota fyrir blindra, sjónskerta, heyrnarlausra og þá sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum eru ófærir um að nýta sér hefðbundna fjölmiðlaþjónustu, enda sé fullnægt skilyrðum um samningskvaðaleyfi skv. 26. gr. a. Þess háttar upptökur má aðeins nota innan stofnunar sem samningur tekur til...“

Safnið starfar enn fremur samkvæmt samningi milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir hönd Blindrabókasafns Íslands og Rithöfundasambands Íslands frá árinu 2009 um eintakagerð og dreifingu efnis til blindra, sjónskertra og prentleturshamlaðra byggðum á 19. gr. höfundalaga nr. 73/1972 og kveður sá samningur m.a. á um bætur til höfunda vegna dreifingarinnar, ásamt eingreiðslu til Rithöfundasambands Íslands.

Á árinu var tekin ákvörðun um að samningsaðili vegna endurskoðunar samnings Hljóðbókasafns Íslands og Rithöfundasambands Íslands verði Hljóðbókasafnið en ekki mennta- og menningarmálaráðuneytið. Samningar hófust á árinu og áfram var unnið að gerð nýs samnings á árinu 2021 en Rithöfundasambandið hefur lengi kallað eftir því að samningurinn verði endurskoðaður.

Stefnumótun og áherslur

Stefnumótun safnsins 2020–2023 miðar að því að veita áfram persónulega og góða þjónustu og framleiða og laga efnisval að þörfum og óskum lánþega. Stefnt er að því að auka framleiðslu aðgengilegra bóka og sérstaklega hljóðbóka með texta sem þýðir að sá sem hlustar á lesturinn getur fylgst með textanum um leið. Það er einkum hentugt þegar verið er að lesa upp flóknar teikningar eða töflur. Sérstök áhersla er lögð á gerð námsefnis fyrir framhaldsskólastig.

Safnið er í sífelldri þróun í samræmi við tæknilegar framfarir, sem m.a. kallar á virka þátttöku í erlendu samstarfi. Stefnt er að því að Hljóðbókasafnið standi jafnfætis Norðurlöndum í þekkingu og þjónustu og veiti lánþegum sínum bestu mögulegu þjónustu. Byggt er á þeirri trú að aðgengi að upplýsingum sé lykilatriði í lýðræðis- og mannréttindaþróun.

Safnið vinnur markvisst að því að auka samskipti við útgefendur og að kaupa fleiri hljóðrit af markaði. Hljóðbækur koma þó oft mun seinna á markað en prentuð eintök og er safninu ekki stætt á að fresta aðgengi lánþega að bókum.

Nýjar alþjóðlegar kröfur kalla á ný vinnubrögð þar sem hljóðbækur þykja ekki fyllilega aðgengilegar fyrir stóra hópa sem eiga erfitt með að lesa prentað mál. Starfsfólk safnsins finnur fyrir aukinni þörf fyrir bækur með samstilltu hljóði og texta sem nýtast námsfólki sérstaklega vel.

Hljóðbókasafnið kaupir sérfræðiþjónustu frá Indlandi sem lýtur að framleiðslu aðgengilegs efnis fyrir prentleturshamlaða. Fyrir utan hagræði má nefna að þessi stefna samræmist vel heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um mannsæmandi atvinnutækifæri fyrir alla.

Safnið fylgir eftir og útfærir áherslur Grænna skrefa ríkisstofnana og vinnur að því að uppfylla kröfur fimmta og síðasta græna skrefsins. Þann 9. október gekk í gildi hámarksstytting vinnuvikunnar hjá starfsmönnum Hljóðbókasafnsins undir merkjum Betri vinnutíma. Í samræmi við yfirlýst markmið og fyrirmæli um markviss vinnubrögð samhliða styttingunni er lögð áhersla á rafræna þróun sem auðveldar mjög alla umsýslu. Mikil breyting hefur orðið í þá átt að gera lánþega sjálfstæðari þegar kemur að útlánum og áhersla lögð á að þróa rafrænt umsóknaferli sem auðveldar mjög alla umsýslu.

Breytingar á höfundalögum

Á árinu vann Alþingi að frumvarpi til laga um breytingar á höfundalögum er varða takmarkanir á einkarétti til hagsbóta fyrir fólk með sjón- eða lestrarhömlun. Breytingar á höfundalögum eru nauðsynlegur undanfari þess að fullgilda Marrakess-sáttmálann um aðgengi blindra og sjónskertra að höfundarréttarvörðu efni. Hljóðbókasafnið sendi inn umsögn til allsherjar- og menntamálanefndar þar sem fyrirhuguðum breytingum var fagnað og forstöðumaður fékk tækifæri á að fylgja umsögn eftir á fundi með nefndinni í janúar 2021.

Marrakess-sáttmálinn setur skýrar reglur um meðferð höfundarréttarmála og gerir söfnum kleift að skiptast á efni milli landa. Hann er því afar mikilvægur til að bæta aðgengi blindra, sjónskerta og annarra prentleturshamlaðra að les- og prentefni.

Með breytingu á höfundalögum er stigið mikilvægt skref í þá átt að skilgreina betur og skerpa á hlutverki og skyldum safnsins til samræmis við áþekkar stofnanir á Norðurlöndum og um heim allan.

Húsnæðismál

Mikil uppbygging er fyrirhuguð í Hamraborginni og því ljóst að mikill hávaði mun skapast á næstu árum. Það mun reynast starfseminni erfitt þar sem hávaði og hljóðupptökur fara illa saman. Haldnir voru samráðsfundir með Kópavogsbæ vegna framkvæmdanna í samvinnu við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem einnig er staðsett að Digranesvegi 5. Óvíst er hvenær framkvæmdir munu hefjast en stefnt er að því að verkefnið hefjist á vormánuðum 2022.

Hönnun á stækkun húsnæðis Blindrafélagsins í Hamrahlíð er einnig fyrirhuguð og á árinu bauð Blindrafélagið safninu að taka þátt í hönnunarvinnu með það í huga að safnið flyttist þangað. Þeirri hugmyndavinnu var framhaldið á árinu 2021 en ákvörðun um hvort safnið flytur úr Hamraborginni liggur ekki fyrir.

Innra starf

Á árinu hófst vinna við að uppfæra gagnagrunn (Oracle-grunn) og tengdar þjónustur sem liggja að baki bókasafninu og rafrænni þjónustu. Sýnt var að ekki væri lengur hægt að fresta þessum uppfærslum vegna rekstraröryggis og síendurtekinna rofa á þjónustu við lánþega. Þá var Hljóðbókasafni Íslands, eins og öðrum ríkisstofnunum, gert að færa Microsoft-umhverfi sitt undir skýjalausn ríkisins (svokallaðan ríkistenant) og var unnið að innleiðingu þess kerfis á árinu.

Lagðar voru línur að framtíðarskipulagi og útfærslu á hýsingar- og tæknimálum safnsins með það fyrir augum að nútímavæða og straumlínulaga alla rafræna þjónustu safnsins. Markmiðið með þessu er að bæta rafræna þjónustu við lánþega, tryggja öryggi safnkosts og huga að hagræðingarmöguleikum.

Helstu verkefni útlánadeildar

Starfsfólk útlánadeildar aðstoðar lánþega með upplýsingagjöf og leiðbeinir við val á efni. Þjónusta deildarinnar er félagsleg í eðli sínu og byggir á persónulegri nálgun sem stuðlar markvisst að því að rjúfa einangrun og efla þannig lífsgæði þeirra sem ekki geta lesið prentað mál. Deildin veitir góða og persónulega þjónustu og því til sönnunar fékk Hljóðbókasafnið bestu útkomuna í samræmdri þjónustukönnun sem birt var á vef Stjórnarráðsins þann 5. mars 2021. Spurt var um heildaránægju með þjónustu, samskipti við stofnun, áreiðanleika upplýsinga, afgreiðsluhraða erinda og stafræna þjónustu. Safnið var hæst af þeim 33 ríkisstofnunum sem voru kannaðar á sama tíma en 95% notenda safnsins voru ánægðir með þjónustuna í heild, 65% mjög ánægðir og 30% frekar ánægðir.

Helstu verkefni framleiðsludeildar

Framleiðslu- og tæknideild annast framleiðslu á efni safnsins og tryggir að viðeigandi tækni til framleiðslunnar sé notuð hverju sinni. Meginhlutverk deildarinnar er að breyta prentuðu efni í aðgengilegt form til blindra, sjónskertra og annarra prentleturshamlaðra.

Deildin hefur til umræða fjögur hljóðver en við innlestur starfa að jafnaði um 30 lesarar í verktakavinnu. Að undirbúa bækur fyrir innlestur og ganga frá þeim eftir innlestur ásamt því að útvega aðgengilegt efni með norrænni samvinnu er mikilvægur þáttur starfseminnar. Áhersla er lögð á að gera fleiri hljóðbækur með texta sem skiptir verulegu máli fyrir til að mynda lesblinda námsmenn.

500 bækur lesnar fyrir safnið

Í júní var að venju haldið svokallað lesaraboð þar sem lesurum safnsins var þakkað þeirra framlag. Á fullveldisdaginn, 1. desember, var Þórunni Hjartardóttur veitt viðurkenning fyrir ómetanlegt framlag á lestri bóka fyrir Hljóðbókasafn Íslands, en hún hefur á árunum 1992–2020 lesið inn 500 bækur fyrir safnið. Með viðurkenningunni var Þórunni þakkaður framúrskarandi lestur og minnt á mikilvægi þess að allir hafi rétt á upplýsingum og bókum.




Á myndinni eru Þórunn Hjartardóttir og Marín Guðrún Hrafnadóttir, forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands.

Betra aðgengi þýðir bækur með texta

Hljóðbókasafnið fór á árinu 2020 í átaksverkefni til að auka sjálfvirkni í framleiðslu aðgengilegra bóka. Ráðinn var forritari í gegnum atvinnuátaksverkefni ríkisstjórnarinnar og smíðaður hugbúnaðurinn Ascanias sem getur á sjálfvirkan hátt búið til einfaldar og aðgengilegar „full-text“ bækur, þar sem hljóð og texti eru samstillt, þegar sambærilegar hljóð- og textaskrár eru til staðar. Þessi vinna hefur nú skilað sér inn í samstarf við systursöfn á Norðurlöndum og er m.a. hafin vinna hjá Nota í Danmörku sem byggir á þessu átaksverkefni safnsins.

Vinna við framleiðslu full-text bóka er seinleg handavinna eins og sést hér á skýringarmynd og því mikilvægt að sjálfvirknivæða ferlið:

Framleiðsluferli hljóðbóka með texta



Í kjölfar vinnu við hugbúnaðinn Ascanius var sótt um styrk í Máltæknisjóð til að þróa verkefnið og búa til opið hugbúnaðarkerfi sem greinir og skilar af sér texta úr hljóðbókum og samstillir textann og hljóðið. Þannig má búa til fyllilega aðgengilegar bækur þar sem textinn merktist á skjánum meðan hlustað er á hljóðið. Því miður fékk umsóknin neitun, á forsendum þess misskilnings að allar bækur sem gefnar hafa verið út á safninu séu þegar til á stafrænu sniði.

Nýr vefspilari


Mikilvægt samræmingarskref var tekið þegar nýr vefspilari var tekinn í notkun 27. apríl. Spilarinn er samræmdur öppum safnsins og er keyptur frá þjónustuaðila safnsins Nota í Danmörku, systurstofnun Hljóðbókasafnsins. Samræmingin er skref fram á við í þjónustu við lánþega og hluti af markvissri og verkefnaþjálfun norrænni samvinnu.

Persónuverndarstefna

Persónuverndarstefna safnsins hefur að markmiði að vernda persónuupplýsingar einstaklinga. Í persónuverndarstefnunni kemur fram í hvaða tilgangi persónuupplýsingum er safnað, hvernig farið er með þær upplýsingar og hversu lengi þær eru varðveittar. Allar upplýsingar um einstaklinga, hvort sem þær koma frá þeim sjálfum, opinberum aðilum eða yfirvöldum, eru meðhöndlaðar samkvæmt lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Persónuverndarfulltrúi safnsins er Sigrún Jóhannesdóttir lögfræðingur.

Jafnréttisstefna

Hljóðbókasafn Íslands setti sér jafnréttisstefnu í febrúar með það að markmiði að tryggja jafna stöðu kynjanna eins og getið er um í lögum nr. 10/2008. Markmiðið er að allir starfsmenn njóti sömu virðingar og hafi jöfn tækifæri. Stofnunin mun leitast við að halda við og stuðla að kynjajafnvægi. Á safninu starfa nú þrjár konur og fjórir karlar, forstöðumaður gegnir stöðu jafnréttisfulltrúa.



Fjarfundur starfsmanna á tímum heimsfaraldurs

Samstarf

Samráðshópur Hljóðbókasafnsins hittist nokkrum sinnum á árinu en honum er ætlað að vera forstöðumanni til ráðgjafar um stefnu safnsins og önnur málefni sem varða starfsemi þess. Í hópnum eiga sæti Kristinn Halldór Einarsson frá Blindrafélaginu sem er formaður, Sigrún Huld Auðunsdóttir frá Félagi íslenskra sérkennara og er hún varaformaður, Halldór Sævar Guðbergsson frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, Andrea Dan Árnadóttir frá Upplýsingum og Snævar Ívarsson frá Félagi lesblindra á Íslandi.

Blindrafélagið er einn mikilvægasti bakhjarl safnsins og samstarfsaðili. Skoðanakannanir hafa sýnt fram á mikilvægi safnsins og ánægju sjónskertra og blindra með þjónustuna.

Safnið leggur áherslu á góð samskipti við réttihafa og á árinu 2020 hófst undirbúningur að því að útlán Hljóðbókasafnsins yrðu hluti af greiðslum úr Bókasafnssjóði höfunda og hélt sú vinna áfram á árinu 2021. Þá hófst undirbúningur að endurskoðun samnings við Rithöfundasamband Íslands um bótagreiðslur til handa rithöfundum og þýðendum eins og áður er getið um. Að auki voru send bréf til rithöfunda þar sem kynnt voru hlutverk og markmið safnsins og tilhögun bótagreiðslna.

Í haustbyrjun var óskað eftir samstarfi við útgefendur og greint frá áhuga safnsins á að kaupa fleiri hljóðrit af markaði. Bókaforlögin voru mörg hver að stíga sín fyrstu skref í hljóðbókaútgáfu og komu sumar hljóðbækur því seint á markað og ekki á sama tíma og prentuð eintök fyrir jólin. Samstarfið um kaup af markaði gekk því ekki eins vel og vonir stóðu til enda safninu ekki stætt á að fresta aðgengi lánþega að bókum.

Unnið var áfram með þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og haldnir nokkrir fundir með starfsfólki beggja stofnana.

Hljóðbókasafnið varð virkur þátttakandi í samstarfi háskóla, stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka um þróun máltækni fyrir íslensku á árinu í gegnum Almennaróm og SÍM (samstarf um íslenska máltækni). Máltækniáætlunin miðar að því að íslenska sé notuð á öllum sviðum upplýsingatækni og að hugbúnaður geti skilið íslensku líkt og önnur tungumál. Mikilvægt er fyrir safnið að taka þátt í þróun sem þessari þar sem máltæknilausnir og talgervlar munu verða sífellt mikilvægari í þjónustu og framleiðslu safnsins.



Einar Hrafnsson settur forstöðumaður og Stefán Eiríksson útvarpsstjóri ásamt fleirum undirrita samstarfssamning um íslenska máltækni.

Norrænt samstarf

Norrænt samstarf er afar mikilvægt fyrir Hljóðbókasafn Íslands og skila samráðsfundir Norðurlandasafnanna margvíslegum ávinningi. Ísland tekur þátt í flestum samnorrænum verkefnum safnanna, nema þeim sem snúa ekki beint að starfseminni lengur, eins og verkefnum um Braille-punktaletur. Forstöðumenn systurstofnana á Norðurlöndum, auk safnsins í Sviss, hittust að þessu sinni á fjarfundum og voru tveir formlegir fundir haldnir á árinu. Helstu samstarfsverkefni norrænu safnanna eru þessi:

UX-hópurinn

Betri þjónusta við lánþega eða „Users Experience“ hópurinn (UX) samanstendur af starfsmönnum sem vinna við þjónustu og afgreiðslu lánþega á söfnum Norðurlandanna. Hópurinn skoðar hvernig bæta megi þjónustu og innleiða nýjungar. Haldinn var fjarfundur um notendaupplifun í septembermánuði og leiddi sænska hljóðbókasafnið MTM fundinn að þessu sinni.

Nordic IT Forum og aðrir tækniþópar á Norðurlöndum

Samstarfshópurinn er samsettur af tæknimönnum safnanna og fjallar um nýjungar í tækni til umbóta. Hópurinn hittist nokkrum sinnum á ári og fer yfir tæknimál og nýjungar, skiptist á þekkingu og stillir saman strengi. Tveir aðrir formlegir þópar sem snúa að tæknimálum eru einnig starfandi, STEM Group sem snýr m.a. að birtingu stærðfræðiformúla í aðgengilegum bókum og Procurement Group sem samhafir útboð og annað sem tengist bókum sem unnar eru á Indlandi.

Útgáfa án aðgreiningar

Starfsemi Hljóðbókasafns Íslands er mjög sérhæfð. Því hefur safnið lengi verið virkt í alþjóðlegu samstarfi og gagnlegt samstarf er einna helst að finna hjá systursöfnum á erlendri grund. Ein birtingarmynd þessa samstarfs er NIPI (Nordic Inclusive Publishing Initiative) sem er samstarfsverkefni fimm norrænna systursafna sem öll bera ábyrgð á að gera bækur og annað lesefni aðgengilegt. Á árinu hélt NIPI ráðstefnuna Include! sem snerist um að kynna fyrir útgefendum og fleirum útgáfu án aðgreiningar. Fjallað var um rafræna og aðgengilega útgáfu og sýnt fram á ávinninginn af því að gera bækur aðgengilegar og ná þannig til fjölbreyttari lesendahóps. Lagaumhverfi framtíðar kallar á aðgerðir meðal útgefenda, ritstjóra, höfunda og dreifingaraðila um að leggja skuli áherslu á útgáfu án aðgreiningar frá grunni. Talað hefur verið um að bókin eigi að fæðast aðgengileg í þessu samhengi.

Breytingar í útgáfu og að bók eigi að vera aðgengileg frá byrjun munu hafa mikil áhrif á störf safnanna. Þeirra hlutverk verður þá e.t.v. að aðstoða útgefendur við að mæta nýjum heimi í bókaútgáfu þar sem allar útgefna bækur munu þurfa að vera aðgengilegar og öllum hljóðbókum mun þurfa að fylgja samtengdur texti.

Aðaláhersla ráðstefnunnar var á að fræða og upplýsa hagsmunaaðila um hvernig best sé að feta þessa slóð til aðgengilegri framtíðar fyrir alla. Til að framleiða aðgengilegar bækur þarf bæði skilning á þörfum lesenda og hagnýta þekkingu á því hvernig hægt er að taka á þeim.



Nordic Online Conference on Inclusive Publishing

Millisafnalán á Norðurlöndum

Norðurlöndin lána bækur sín á milli samkvæmt sérstökum samningi og hefur þjónusta safnsins notið verulega góðs af þessu samstarfi, ekki síst námsmenn.

Safnkostur

Safnið býr yfir góðum safnkosti sem í heildina telur hátt í 11.000 titla. Á árinu voru lesnar inn 327 bækur á safninu, auk þess sem safnið keypti 73 hljóðrit af útgefendum. Millisafnalán frá sænska safninu voru 69 og frá því norska 11. Framleiðsla á bókum gekk vel árið 2020 þrátt fyrir að lestrarstúdíóin væru einsetin svo tryggja mætti öryggi lesara. Fleiri bækur voru keyptar af útgefendum en fyrri ár, en mikil aukning hefur orðið í hljóðbókaútgáfu bókaforlaganna og hljóðbækur eru orðnar vinsæl sölu- og markaðsvara. Það var því eðlileg þróun að safnið óskaði eftir að kaupa í meira mæli en áður hljóðrit af markaði.

Hljóðbókasafn Íslands stuðlar með starfsemi sinni og góðum aðgengilegum bókakosti að auknu læsi og bættu aðgengi að bókmenntum og tekur þannig m.a. þátt í að uppfylla fyrir hönd íslenska ríkisins ákvæði sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra og jafnt aðgengi til náms. Safnið gegnir því bæði mikilvægu félagslegu og menningarlegu hlutverki ásamt því að greiða leið prentleturshamlaðra að prentuðu lesmáli.

Kynningarstarf

Hljóðbókasafn Íslands á gott samstarf við þá sem koma að málefnum blindra, sjónskertra, lesblindra og annarra sem ekki geta nýtt sér prentað letur. Kynningarstarf er liður í því að ná til þessa hóps. Reglulega er kallað eftir því að Hljóðbókasafnið komi með kynningar inn í tíma hjá Hringsjá – náms- og starfsendurhæfingu. Þar kemst safnið í samband við marga einstaklinga sem eru að taka upp námsþráðinn að nýju.

Samstarf við skóla er mikilvægt sem og samráð við námsstjóra, sérkennara og námsráðgjafa þegar kemur að því að kynna starfsemina og framleiðslu námsbóka. Mikilvægt er fyrir nemendur framhaldsskóla að Hljóðbókasafnið viti sem fyrst hvaða námsbækur eigi að lesa þar sem það tekur tíma að framleiða bækur á aðgengilegu formi. Því flóknari sem bókin er, því meiri vinna er að búa hana til sem texta- og talbók fyrir prentleturshamlaða.

Kynningarbæklingur var sendur til allra lánþega safnsins sem voru að hefja framhaldsskólanám í byrjun september eins og fyrri ár.

Ákall frá Félagi íslenskra bókaútgefenda

Safninu barst bréf frá lögmanni Félags íslenskra bókaútgefenda á árinu vegna dreifingar og eintakagerðar. Í bréfinu kom fram það álit að dreifing eintaka af hálfu safnsins væri ólöglegt þar sem heimildir næðu aðeins til þess að lána eintökin en ekki dreifa þeim með rafrænum hætti. Í svarbréfi Hljóðbókasafns Íslands var bent á að safnið nýtti sér rafræna dreifingu eins og öll sambærileg söfn hjá vestrænum þjóðum og hafnaði því alfarið að um ólöglega dreifingu væri að ræða.

Lykiltölur



Bækur gerðar aðgengilegar 2020

Framleiðsla á Hljóðbókasafni Íslands	
- Efni eftir íslenska höfunda	181
-- Þar af barna- og unglingsbækur	51
- Þýddar bækur	146
-- Þar af barna- og unglingsbækur	40
- Námsbækur	18
Alls eigin framleiðsla	327
Keyptar á markaði	
- þar af þýddar	21
- þar af eftir íslenska höfunda	52
Alls keyptar á markaði	73
Millisafnalán	
- Frá MTM, Svíþjóð	69
- Frá NLB, Noregi	11
Alls í millisafnalánum	80
Samtals gerðar aðgengilegar 2020	480


Útlán

Tegund útlána 2016–2020

Streymi verður æ vinsælla á meðan niðurhal hefur minnkað verulega síðustu árin og geisladisknotkun einnig. Danska appið sem var tekið í notkun árið 2018 og aðlagð að íslenskum lánþegum hefur notið mikilla vinsælda hjá lánþegum enda einfalt og þægilegt í notkun. Rétt er að benda á að forsendur talningar voru lagfærðar árið 2021 til samræmis við systurstofnanir á Norðurlöndum og þessar tölur eru því of háar.



Fjöldi útlána afgreidd með sjálfsafgreiðslu og fjöldi útlána afgreidd af starfsmönnum safnsins:



	2018	2019	2020
Lánþegi	250.682	370.002	415.869
Starfsmaður	42.444	37.602	36.773
	293.126	407.604	452.642


	2018	2019	2020
Lánþegi	86%	91%	92%
Starfsmaður	14%	9%	8%
	100%	100%	100%

Lánþegar


Lánþegar eru á öllum aldri og afar ólíkir en eiga það sameiginlegt að glíma við prentleturshömlun/lestrarhömlun. Til þess að fá aðgang að safninu þarf að skila inn vottorði frá lækni, sérfræðingi eða sérkennara.

Á Íslandi, sem og annars staðar, eru lesblindir stærsti einstaki lánþegahópurinn sem nýtir sér þjónustu Hljóðbókasafnsins en rannsóknir sýna að um 10–20% einstaklinga eigi í erfiðleikum með lestur og að mikill hluti þeirra sé lesblindur.

Virkir lánþegar voru í lok árs 2020 samtals 12.849, 5809 karlar (45%) og 7040 konur (55%) sem skiptast þannig út frá þjónustuástæðu:



Aldur virkra lánþega skiptist þannig:



Grunnupplýsingar

Hljóðbókasafn Íslands

- Digranesvegi 5, 200 Kópavogi
- Sími: 54 54 900
- Vefur: <http://www.hljodbokasafn.is>
- Facebook-síða: Hljóðbókasafn Íslands

Starfsfólk

Forstöðumaður:

- Marín Guðrún Hrafnisdóttir – marin.g.hrafnisdottir@hbs.is

Útlánadeild:

- Hulda Pétursdóttir, deildarstjóri – hulda.petursdottir@hbs.is
- Sigrún Pétursdóttir, bókaforstjóri – sigrun.petursdottir@hbs.is

Framleiðsludeild:

- Einar Hrafnsson, deildarstjóri – einar.hrafnsson@hbs.is
- Hafþór Ragnarsson, hljóðver – hafthor.ragnarsson@hbs.is
- Alfreð Halldórsson, hljóðbækur með texta (full-text) – alfred.halldorsson@hbs.is
- Gunnar Grímsson, upplýsingatæknistjóri – gunnar.grimsson@hbs.is

Samráðshópur Hljóðbókasafns Íslands skv. lögum nr. 150/2012

- Kristinn Halldór Einarsson formaður, tilnefndur af Blindrafélaginu, samtökum blindra og sjónskerta á Íslandi
- Sigrún Huld Auðunsdóttir varaformaður, tilnefnd af Félagi íslenskra sérkennara
- Snævar Ívarsson tilnefndur af Félagi lesblindra á Íslandi
- Andrea Dan Árnadóttir tilnefnd af Upplýsingu, félagi bókasafns- og upplýsingafræða
- Halldór Sævar Guðbergsson tilnefndur af Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

Varamenn:

- Arnheiður Björnsdóttir tilnefnd af Blindrafélaginu, samtökum blindra og sjónskerta á Íslandi
- Jónína Rós Guðmundsdóttir tilnefnd af Félagi íslenskra sérkennara
- Ásta Guðrún Sveinsdóttir tilnefnd af Félagi lesblindra á Íslandi
- Helgi Sigurbjörnsson tilnefndur af Upplýsingu, félagi bókasafns- og upplýsingafræða
- Ásdís Þórðardóttir tilnefnd af Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

Lesarar 2020

Arndís Þórarinsdóttir	Auður Ava Ólafsdóttir
Auður Styrkársdóttir	Ásdís Jóelsdóttir
Ásdís Thoroddsen	Benný Sif Ísleifsdóttir
Berglind Steinsdóttir	Björn Stefánsson
Bryndís Jónatansdóttir	Böðvar Leós
Einar Hrafnsson	Einar Kárason
Einar Örn Stefánsson	Elín Gunnarsdóttir
Eva Kamilla Einarsdóttir	Friðrik Gígja
